

Vasaskrímslin geta hjálpað drengjum

Vasaskrímslin, betur þekkt hérlandis undir nafninu Pokémon, hafa verið gríðarlega vinsæl á Íslandi í formi tölvuleikja, teiknimynda og spilaspjalda. Nýverið var bókagjöf með íslenskum lestrarbókum um Vasaskrímslin dreift í 169 grunnskóla um allt land. Höfundur bókanna, Sverrir Sigmundarson, vill auka áhuga drengja á lestri.

Guðrún Óla Jónsdóttir

Margóft hefur komið fram í fjölmiðlum að stórum hluti nemenda á yngsta stigi íslenskra grunnskóla nái ekki settum viðmiðum þegar kemur að lestrarfærni. Drengir hafa um árabíl átt sérstaklega undir högg að sækja í skólakerfinu á Íslandi og víðar. Samkvæmt niðurstöðum kannana getur einn af hverjum þremur drengjum ekki lesið sér til gagns eftir grunnskóla. „Vasaskrímslaverkefnið sprettur að hluta til upp úr þessari umræðu um bága lestrar-kunnáttu grunnskólabarna á Íslandi,“ segir Sverrir Sigmundarson, höfundur bókanna um Vasaskrímslin, „og ákalli bókasafnsvarða, safnakennara og kennara í grunnskólum landsins um nýtt efni til lestrar- og íslenskukennslu sem höfði til áhugasviðs nemenda og þá sérstaklega ungra drengja.“ Íslensku bækurnar eru hluti af íslenska Vasaskrímslaverkefninu, óhagnaðardrífnu samfélagsverkefni þar sem markmiðið er að styrkja og styðja við læsi ungra Íslendinga, og þá sérstaklega drengja.

Upplifði mikinn vanmátt
Sverrir er sjálfur faðir þriggja ungra drengja og segist hafa upplifað mikinn vanmátt þegar hann las fréttir um bága stöðu íslenskra barna í lestri og íslensku, ár eftir ár.

„Svo er það sama uppi á teningnum í þeim skýrslum sem gefnar eru út af landlækni, Menntamálastofnun, menntamálaráðuneytinu og öðrum alþjóðlegum stofnunum. Mér fannst við einhvern veginn vera að bregðast drengjunum okkar og ég vildi gera eitthvað til að bæta úr þessu en vandamálið virtist svo stórt og ófyrstíganlegt.“ Hann segir syni sína og þeirra vini lengi hafa haft brennandi áhuga á Vasaskrímslunum. „Þeir voru sífellt að skiptast á skrímslaspjöldum en gátu samt bara talað um skrímslin sín á milli með því að sletta á hjagaðri ensku. Oftar en ekki skildu þeir lítið sem ekkert hvað þeir voru að segja eða tala um. Vasaskrímslin eru ef til vill ekki bókmenntalegt stórvirki og höfða kannski ekki til allra barna á Íslandi en ég sá fyrir mér að góð íslensk þýðing á efninu gæti haft jákvæð áhrif fyrir þau börn sem hafa gaman af þessum heimi og ég vissi að ég gæti hikaust samið slíkt efni. Ég hætti því að horfa á sjónvarpið á kvöldin og tókst á við vanmáttartilfinninguna með því að semja þessar bækur.“

Meiri jákvæð karlmennska
Þegar Sverrir hófst handa við vinnuna fann hann þýðingu á nöfnum fyrstu 251 Vasaskrímslanna sem Arnar Tómas Valgeirsson hafði gert nokkrum árum áður. „Þetta var einstaklega skemmtileg þýðing

og ég hafði því samband við Arnar Tómas og fékk góðfúslegt leyfi hjá honum til að halda áfram með þýðingarvinnuna. Ég fann svo hóp sálufélaga þegar ég leitaði ráða hjá piltunum í Háskólaprenti um það hvernig í ósköpunum maður færi að við að prenta bækur. Björgvin og starfsmenn hans í Háskólaprent hafa veitt ómetanlega aðstoð alveg frá byrjun og halda áfram að vera styrkir bakhjarlar í allri þessari vegferð.“ Bækurnar segir Sverrir að séu afrakstur gjafavinnu ýmissa sérfræðinga, kennara og starfsfólks bókasafna í grunnskólum landsins, auk ótalmargra annarra aðila sem komi að verkefninu í stærri og smærri mynd af einskærri hugsjón og í sjálfboðastarfi. „Ég er ákaflega þakklátur fyrir alla þá aðstoð sem ég hef fengið og held áfram að fá frá fólki. Mér finnst sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu margir karlmenn deila sömu hugsjón og ég og hafa lagt verkefninu lið til að styðja við komandi kynslóðir drengja á jákvæðan hátt. Það er meiri jákvæð en neikvæð karlmennska þarna úti,“ segir Sverrir.

Bækurnar bara til á prenti
Sverrir segir það dásamlegt að upplifa hversu margir vilji taka þátt í verkefninu og gefa fúslega af tíma sínum í þágu þess. „Það hafa sprottið svo margir nýir sprotar út frá bókunum á síðustu mánuðum. Sem dæmi



Bækurnar um Vasaskrímslin eru vinsælar.

Hvað er Pokémon?

Pokémon er stytting á Pocket Monsters, sem á íslensku hafa hlotið nafnið Vasaskrímsli. Eins og nafnið gefur til kynna eru þetta skrímsli, lítil og skemmtileg, sem spilarar fanga, safna og þróa í leiknum. Fyrir um það bil tíu árum byrjuðu Íslendingar að ganga um götur og torg og spila Pokémon GO, og kepptust um að safna sem flestum skrímslum. Erlendir ferðamenn hafa líka spurst mikið fyrir um hvar gott sé að spila leikinn hérlandis og finna sem flest

Vasaskrímsli og þá hefur jafnvel verið boðið upp á hópferðir fyrir ferðamenn þar sem þeir fá leiðsögn um götur Reykjavíkur á meðan leikurinn er spilaður. Vasaskrímslin hafa auk þess fengið að njóta sín í teiknimyndum og auðvitað hefur ýmiss konar varningur með Vasaskrímslunum, á borð við spil, spjöld og bækur, notið gríðarlegra vinsælda en sem fyrr segir hefur slíkur varningur hérlandis einungis verið í boði á ensku eða japönsku hingað til.

ReSound GN

Minnstu hlaðanlegu heyrnartækin

ReSound Nexia

heyrnartæki

Opnaðu hugann og prófaðu nýja tegund heyrnartækja!

• Heyrnarþjónusta

• Heyrnargreining

• Heyrnartæki

• Ráðgjöf

Bókaðu tíma í heyrnargreiningu og fáðu faglega ráðgjöf heyrnarfræðings í síma 534-9600 eða á heyrrn@heyrrn.is

HEYRN

Hlíðasmára 19 • 201 Kópavogur • Sími 534 9600 • heyrrn.is



„Mér finnst sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu margir karlmenn deila sömu hugsjón og ég og hafa lagt verkefninu lið til að styðja við komandi kynslóðir drengja á jákvæðan hátt. Það er meiri jákvæð en neikvæð karlmennska þarna úti,“ segir Sverrir.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

má nefna að nú í vor er að hefjast vinna í samstarfi við kennarinn.is um gerð kennsluefnis í íslensku fyrir grunnskóla sem tekur mið af efni fyrstu tíu bókanna. Það efni verður öllum kennurum aðgengilegt án endurgjalds. Einnig er í undirbúningi sérútgáfa af lestrarbókunum sem er sérsniðin að þörfum byrjenda í lestri og tekur mið af þeim kennslufræðilegu nálgunum sem unnið er með bæði á fyrstu stigum lestrarkennslu og á sérkennslustigum.“

Í dag hefur Sverrir, í samvinnu við Háskólaprent, gefið út tvær stórar bækur og tíu minni lestrarbækur um Vasaskrímslin. „Ég stefni á að gefa út sjö stórar bækur og 50 lestrarbækur til viðbótar á næstu fjórum árum. Það er enginn hagnaður af bókunum og efnið er í raun gefið frítt því einungis er greitt fyrir prentunina hjá Háskólaprenti. Ég tók mjög meðvitaða ákvörðun um að gefa efnið ekki út stafrænt því það að halda á

prentaðri bók við lestur er gjörólíkt því að lesa efni af baklýstum skjá, svo sem af spjaldtölvum eða snjallsímum. Ég vissi að strákarnir mínir, líkt og svo mörg önnur börn, gætu aldrei einbeitt sér í slíkum tækjum við lestur og athyglin myndi sífellt dragast að öðrum afþreyingarmiðlum. Pósturinn sá svo um að dreifa bókunum í grunnskóla um allt land og gaf dreifinguna.“

Skemmtilegir orðaleikir

Sverrir segir lestur vera lykilinn að velferð barna og þátttöku þeirra í þjóðfélagi framtíðarinnar. „Fólk mér fróðara í þessum efnum hefur sagt að besta leiðin til að öðlast færni í lestri sé að lesa oft og hafa efnið fjölbreytt. Til þess að halda í þann hvata þarf breitt úrval bóka og lestrarefni sem höfðar til áhugasviðs lesendanna.“

Bækurnar eru skrifaðar á einföldu og aðgengilegu máli og lögð er áhersla á að efla færni og sjálfstraust barna í lestrinum með krefjandi efni. Sverrir

samdi sjálfur texta bókanna og segist hafa notið aðstoðar spunagervi-greindar við hugmyndavinnu og gerð myndefnisins sem notað er á forsiðum bókanna. „Forsíðurnar eru einstaklega skemmtilegar og hannaðar með það að leiðarljósi að vera áhrifamiklar og gripandi. Þær eru prýddar skemmtilegu myndefni sem örvar ímyndunaraflíð og oft sprettur upp heil saga í huganum af því einu að skoða forsiðukápuna.“

Hann segir efni bókanna veita ungu áhugafólki um Vasaskrímslin betri innsýn í veröld þeirra og að efniinu sé ætlað að styðja við það efni sem þegar er framleitt og er til sölu hérlandis. „Það er svo margt jákvætt í heimi Vasaskrímslanna, hann er svo fjölbreyttur og mjög skemmtilegur, en margt skilst ekki almennilega fyrr en efnið er þýtt yfir á íslensku. Til dæmis er mikið um skemmtilega og bráðfyndna orðaleiki í nöfnum skrímslanna og mikil áhersla er á náttúruvernd, góða umgengni og ábyrgð í meðhöndlun á auðlindum jarðar.“

Vasaskrímslin orðin vinsæl

Aðspurður segir Sverrir viðtökurnar við bókunum um

Við höfum fengið kveðjur frá fólki um allt land og sögur af börnunum sem jafnvel hafi aldrei viljað opnað bók, hafi ekki lesið mikið eða átt í erfiðleikum með að lesa, sem nú helli sér yfir bækurnar um Vasaskrímslin og lesi þær spjaldanna á milli.

Vasaskrímslin hafa verið vonum framar. „Vasaskrímslaverkefnið sjálft er unnið í sjálfböðastarfi og höfum við sem að því stöndum verið svo heppin að fá stuðning frá fyrir-tækjum sem hafa gert okkur kleift að láta ýmsa þætti verkefnisins verða að veruleika,“ segir hann.

„Bókagjöfin er gott dæmi um slíkt, því auk dyggrar aðstoðar frá Háskólaprenti við prentun og þökkun veitti Landsbankinn mér styrk upp á 250.000 krónur og Pósturinn gaf dreifinguna á öllum 169 bókapökkunum víðs vegar um landið. Ég er gríðarlega þakklátur fyrir stuðninginn því án hans væru

svona verkefni ekki möguleg.“

Sverrir segist hafa fengið ótalmargar kveðjur og að starfsfólk skólanna sé þakklátt fyrir þetta framtak. „Við höfum fengið kveðjur frá fólki um allt land og sögur af börnum sem jafnvel hafi aldrei viljað opnað bók, hafi ekki lesið mikið eða átt í erfiðleikum með að lesa, sem nú helli sér yfir bækurnar um Vasaskrímslin og lesi þær spjaldanna á milli. Þau vilji fá útskýringar á minnstu smáatriðum og séu mjög áhugasöm. Það er eitt mesta hrós sem hægt er að hugsa sér fyrir svona verkefni. Það er líka yndislegt að heyra að starfsfólk bókasafna segist verða oftar vitni að því að börnin tali um Vasaskrímslin frekar en Pokémon sín á milli eftir tilkomu bókanna. Það að strax sé komin pressa á mig frá ungu áhugafólki að klára fleiri bækur um Vasaskrímslin er einstaklega ánægjulegt og sýnir að áhugi barna á lestri og íslensku er til staðar og að það þarf oft ekki mikið til að kveikja lestrar- og námsneistann,“ segir Sverrir og bendir á að hægt sé að lesa meira um Vasaskrímslaverkefnið á vefnum www.vasaskrimslis.is.

Álpakrennur & niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólítað, rauvt
silfurgrátt og dökkgrátt

Pakrennurnar eru frá GRÖVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegi 4C | 200 Kópavogur | Sími 587 2202 | hagblikk@hagblikk.is | hagblikk.is

Mikið úrval af gleri og speglum

Ispan

GLERBORG

Smiðjuvegi 7 | Sími 54 54 300
www.ispan.is